



Fundargerð aðalfundar Landsbankans hf. 2026

Aðalfundur Landsbankans hf. var haldinn miðvikudaginn 18. mars 2026 kl. 16.00.

Fundarstaður var Reykjastræti 6 í Reykjavík.

Dagskrá fundarins var eftirfarandi:

1. Skýrsla bankaráðs um starfsemi bankans síðastliðið starfsár.
2. Skýrsla bankastjóra.
3. Ársreikningur fyrir liðið starfsár ásamt skýrslu endurskoðanda lagður fram til staðfestingar.
4. Ákvörðun um greiðslu arðs og meðferð hagnaðar á næstliðnu reikningsári.
5. Tillaga bankaráðs um starfskjarastefnu lögð fram til samþykktar.
6. Tillögur til breytinga á samþykktum, ef borist hafa.
7. Kosning bankaráðs.
8. Tilnefning utanaðkomandi nefndarmanns í endurskoðunarnefnd.
9. Kosning endurskoðanda.
10. Ákvörðun um þóknun til bankaráðsmanna fyrir næsta kjörtímabil.
11. Heimild til kaupa á eigin hlutum.
12. Önnur mál.

Aðalfundurinn hófst með því að Jón Þorvarður Sigurgeirsson, formaður bankaráðs, bauð hluthafa og aðra fundargesti velkomna og setti fundinn. Hann lagði til að Jóhannes Karl Sveinsson, lögmaður, yrði kjörinn fundarstjóri. Ekki bárust aðrar tillögur og var Jóhannes Karl lýstur réttkjörinn.

Jóhannes tók því næst við stjórn fundarins. Hann lagði til að Kristinn Briem yrði kjörinn fundarritari og var það samþykkt.

Samkvæmt 10. gr. samþykktar Landsbankans ber að halda aðalfund fyrir lok aprílmánaðar ár hvert og boða verður til fundar með skemmst tveggja vikna fyrirvara og að hámarki fjögurra vikna fyrirvara. Boðað var til þessa aðalfundar með auglýsingu sem birtist í *Morgunblaðinu* 27. febrúar 2026 og var boðunin því í samræmi við samþykktir bankans.

Þá greindi fundarstjóri frá því að framboð til bankaráðs hefðu borist með fimm daga fyrirvara og þau væru ekki fleiri en laus sæti.

Dagskrá og allar tillögur hafi borist í tæka tíð og verið birt á réttum stað. Fundarstjóri lýsti því fundinn lögsmætan að öðru leyti.

Mætt var fyrir hönd 22 hluthafa á aðalfundinn og voru það eigendur hlutafjár að nafnvirði sem svarar til 99,8271% af útgefnu hlutafé.

Jóhannes fór yfir fyrirkomulag fundarins og hvernig umfjöllun yrði háttað undir einstökum dagskrárliðum, áður en gengið yrði til atkvæða um tillögur til aðalfundarins.

Því næst var gengið til boðaðrar dagskrár.

Fundargerð

Landsbankinn hf.

Kennitala: 471008-0280

1. Skýrsla bankaráðs um starfsemi bankans sl. starfsár

Fyrsti liður á dagskrá fundarins var skýrsla bankaráðs um starfsemi bankans á síðastliðnu ári og flutti Jón Þorvarður Sigurgeirsson, formaður bankaráðs, skýrsluna.

Í skýrslu bankaráðs sagði Jón Þorvarður meðal annars að þegar litið er til lykiltalna í rekstri bankans á árinu léti hann nægja að benda á að hagnaður bankans á árinu 2025 hafi numið 38 milljörðum króna, arðsemi eigin fjár verið 11,6% og kostnaðarhlutfallið 34,3% — en það teldist afar gott, bæði í samanburði við innlenda banka og banka í nágrannaríkjunum.

Þessi niðurstaða, ásamt traustri eiginfjárstöðu, geri bankanum kleift að greiða hluthöfum sínum myndarlegan arð. Fyrir þessum aðalfundi liggi tillaga bankaráðs um að reglulegar arðgreiðslur vegna ársins 2025 verði samtals 18,9 milljarðar króna, eða um 50% af hagnaði ársins.

Einnig kom fram að það væri að auki lagt til að greidd verði sérstök arðgreiðsla að fjárhæð 16,1 milljarður króna á þessu ári. Eins og fram kæmi í ársuppgjörinu lækkaði áhættugrunnur bankans í kjölfar innleiðingar CRR III reglugerðarinnar og með hliðsjón af sterkri eiginfjárstöðu ákvað bankaráð að leggja til sérstaka arðgreiðslu.

Verði arðgreiðslutillaga bankaráðs samþykkt munu arðgreiðslur á árinu 2026 nema alls 34,9 milljörðum króna.

Formaður bankaráðs tók fram að síðasta ár markaði að hans mati tímamót þegar lánshæfismat Landsbankans hjá S&P var hækkað í apríl úr B flokki í A flokk fyrst íslenskra banka í nær 20 ár. Með hliðsjón af traustri fjármagnsskipan mætti ætla að meira sé að sækja í þeim efnum.

Jón fjallaði um óvissu á alþjóðlegum fjármálamörkuðum og sagði ýmis kunnugleg teikn á lofti fyrir þá sem fylgst hafa lengi með þróun efnahagsmála, nú síðast með átökum í Mið-Austurlöndum. Á síðasta ári hafi orðið umbylting í alþjóðlega viðskiptakerfinu og á sama tíma séu hraðar tæknibreytingar að setja mark sitt á heiminn. Af þeim sökum væri það áskorun að greina virði fyrirtækja og áhættu.

Í lok ræðu sinnar þakkaði Jón bankaráðsmönnum sem létu af störfum í bankaráðinu á þessum aðalfundi fyrir vel unnin störf og einnig þakkaði hann öðrum bankaráðsmönnum, starfsfólki og stjórnendum fyrir ánægjulegt samstarf og góðan árangur á árinu. Hluthöfum og eftirlitsaðilum þakkaði hann fyrir góð samskipti.

2. Skýrsla bankastjóra

Þá var komið að skýrslu bankastjóra og gerði Lilja Björk Einarsdóttir, bankastjóri, grein fyrir henni og helstu niðurstöðum ársreiknings Landsbankans fyrir árið 2025.

Bankastjóri fór í skýrslu sinni m.a. yfir helstu breytingar á lykiltölum úr rekstri og efnahag bankans á milli ára.

Kom meðal annars fram að tekjur ársins 2025 hafi numið um 85 milljörðum, hagnaður verið 38 milljarðar og arðsemi 11,6%. Hreinar vaxtatekjur hækkuðu vegna aukinna umsvifa og vaxtastigsins og þjónustutekjur héldu einnig áfram að hækka. Jákvæður viðsnúningur varð á virðisbreytingum.

Eigið fé var sterkt í lok síðasta árs og kostnaðarhlutfallið hagstætt fyrir banka af þessari stærð. Vátryggingar komu inn í rekstur bankans í mars, en árið var erfitt á hlutabréfamarkaði.

Einn stærsti viðburður ársins voru kaupin á TM og bankinn býður nú tryggingar, þar sem vátryggt er af TM.

Bankastjóri fór nánar yfir fjárhagsleg markmið ársins sem öll náðust á árinu og fjallaði síðan um þjónustu bankans bæði í gegnum sjálfagreiðslulausnir og mannlega þjónustu.

Fundargerð

Landsbankinn hf.

Kennitala: 471008-0280

3. Ársreikningur fyrir liðið starfsár ásamt skýrslu endurskoðanda lagður fram til staðfestingar

Þá var komið að því að bera upp ársreikning fyrir liðið starfsár 2025 ásamt skýrslu endurskoðanda til staðfestingar en fyrir fundinum lá tillaga bankaráðs um að hann yrði samþykktur.

Fundarstjóri gaf hluthöfum kost á að tjá sig um skýrslu bankaráðs, skýrslu bankastjóra, ársreikninginn og greiðslu arðs undir þessum dagskrárlíð.

Enginn óskaði eftir að taka til máls og var eftirfarandi tillaga því næst borin upp fyrir fundinn:

Bankaráð Landsbankans leggur til að ársreikningur bankans vegna ársins 2025 verði samþykktur.

Ársreikningur vegna ársins 2025 var borinn undir fundinn og staðfestur.

4. Ákvörðun um greiðslu arðs og meðferð hagnaðar á reikningsárinu 2026

Fyrir aðalfundinn var lögð fram eftirfarandi tillaga um greiðslu arðs og meðferð hagnaðar á reikningsárinu 2026:

Bankaráð leggur til við aðalfund að greiddur verði arður til hluthafa sem nemur samtals 1,48 krónum á hlut og að greiðslan verði þrískipt:

Í fyrsta lagi eru lagðar til tvær reglulegar arðgreiðslur vegna reikningsársins 2025. Gjaldldagi fyrstu reglulegu arðgreiðslunnar, 0,40 krónur á hlut, skal vera 25. mars 2026. Gjaldldagi annarrar reglulegu greiðslunnar, 0,40 krónur á hlut, skal vera 16. september 2026. Heildarfjárhæð beggja reglulegu arðgreiðslunnanna vegna reikningsársins 2025, miðað við útistandandi hluti, nemur samtals um 18,9 milljörðum króna, sem samsvarar um 50% af hagnaði ársins.

Í öðru lagi er lögð til sérstök arðgreiðsla. Gjaldldagi sérstöku arðgreiðslunnar, 0,68 krónur á hlut, skal vera 25. mars 2026.

Arðsréttindi vegna ofangreindra arðgreiðslna skulu miðast við hlutaskrá í lok aðalfundardags 18. mars 2026, nema Landsbankanum hf. berist tilkynning um að arður hafi verið framseldur með framsali hlutabréfs.

Arðgreiðslur á árinu 2026:

	Arðsréttinda- dagur	Gjaldldagi	Krónur á hlut	Fjárhæð
Regluleg arðgreiðsla I	18.03.2026	25.03.2026	0,40	9,4 ma.kr.
Regluleg arðgreiðsla II	18.03.2026	16.09.2026	0,40	9,4 ma.kr.
Samtals reglulegar arðgreiðslur			0,80	18,9 ma.kr.
Sérstök arðgreiðsla	18.03.2026	25.03.2026	0,68	16,1 ma.kr.
Samtals arðgreiðslur			1,48	34,9 ma.kr.

Tillagan var borin upp og samþykkt.

5. Tillaga bankaráðs um starfskjarastefnu lögð fram til samþykktar – liður nr. 5 í dagskrá

Því næst var komið að tillögu bankaráðs um starfskjarastefnu Landsbankans.

Fundarstjóri gerði nánari grein fyrir þeim breytingum sem voru lagðar til en þær voru eftirfarandi:

Fundargerð

Landsbankinn hf.

Kennitala: 471008-0280

Í fyrsta lagi var lagt til að 3. gr. stefnunnar verði breytt þannig að tekið yrði fram að umfjöllun um niðurstöðu skýrslu starfskjaranefndar um starfskjör helstu stjórnenda bankans sé birt í skýrslu bankaráðs sem fylgir ársreikningi.

Í öðru lagi var lagt til að orðalag 9. gr. stefnunnar um upplýsingagjöf í ársreikningi um kjör bankaráðsmanna, bankastjóra og lykilstarfsmanna yrði fært til samræmis við 3. mgr. 87. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002.

Að teknu tilliti til framangreinds var lagt til að aðalfundur samþykkti eftirfarandi starfskjarastefnu fyrir Landsbankinn:

1. gr. Markmið

Landsbankinn leggur áherslu á að ráða til sín og hafa í sínum röðum framúrskarandi starfsfólk. Markmið starfskjarastefnunnar er að gera starf hjá bankanum að eftirsóknarverðum kosti fyrir hæft starfsfólk og þar með tryggja samkeppnishæfni bankans, framþróun og viðunandi arðsemi. Í starfskjarastefnu felast jafnframt markmið um að traust ríki um stjórn og starfsemi bankans, að bankinn sé í forystu á sviði góðra stjórnarháttanna og sjálfbærni, að hagsmuna hans sé gætt í hvívetna, sem á ekki síst við um orðspor og trúverðugleika, og að hann starfi í samræmi við þau viðmið, gildi og viðskiptasiðferði sem eðlilegt er að gildi um banka í opinberri eigu.

Starfskjarastefnan skal stuðla að heilbrigðum rekstri til lengri tíma lítið og ekki hvetja til óeðlilegrar áhættusækni. Bankinn leggur áherslu á að starfskjör stjórnenda og annars starfsfólks séu samkeppnishæf en hófleg og ekki leiðandi. Við ákvörðun um starfskjör skal horft til ábyrgðar og árangurs og gætt að viðurkenndum jafnréttissjónarmiðum. Þá skulu starfskjör ekki stuðla að óhóflegri áhættutöku að því er varðar áhættu tengda sjálfbærni.

2. gr. Starfskjör

Í eigandastefnu ríkisins fyrir fjármálafyrirtæki frá febrúar 2020 kemur fram að setja skuli starfskjarastefnu sem sé samkeppnishæf, en hófleg og ekki leiðandi.

Samkeppnishæf starfskjör í þessum skilningi fela í sér að bankinn eigi að geta laðað að og haldið hæfu starfsfólki og að bankinn geti verið samkeppnishæfur um starfsfólk þó að laun séu undir hæstu launum í samfélaginu.

Þegar rætt er um að starfskjör skuli ekki vera leiðandi ber m.a. að líta til launaþróunar í víðu samhengi og taka með í reikninginn áhrif á launaþróun almennt. Launakjör fyrirtækja sem eru með því allra hæsta sem tíðkast á vinnumarkaði, en þó ekki hæst, eru talin leiðandi.

Hófleg starfskjör fela í sér að ákvarðanir um laun séu teknar með varkárum hætti og stuðli ekki að miklum eða vaxandi mun í launum, að teknu tilliti til ábyrgðar, verkefna og árangurs. Einnig skal taka eðlilegt tillit til þeirra kjara sem fyrirtæki í meirihlutaeigu hins opinbera greiða starfsfólki sem gegna sambærilegum störfum. Forðast skal miklar launabreytingar á stuttu tímabili. Þess í stað er æskilegra að laun séu hækkuð með reglubundnum hætti og til samræmis við almenna launaþróun. Laun og önnur hlunnindi skulu vera einföld og gagnsæ eins og kostur er.

3. gr. Starfskjaranefnd

Starfskjaranefnd bankans skal skipuð þremur bankaráðsmönnum. Hlutverk starfskjaranefndar er að vera leiðbeinandi fyrir bankaráð og bankastjóra um starfskjör helstu stjórnenda bankans. Skal nefndin fylgjast með því að starfskjör helstu stjórnenda bankans séu innan ramma starfskjarastefnunnar og gefa bankaráði skýrslu þar um árlega í tengslum við aðalfund bankans. Umfjöllun um niðurstöðu skýrslunnar skal koma fram í skýrslu bankaráðs sem fylgir ársreikningi. Jafnframt skal nefndin fylgjast með þróun launasamninga, starfsmannafjölda og launaútgjalda. Bankaráð skal setja nefndinni starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um hlutverk hennar og gera opinberar á heimasíðu bankans.

Fundargerð

Landsbankinn hf.

Kennitala: 471008-0280

4. gr. Starfskjör bankaráðsmanna

Bankaráðsmönnum skulu greidd föst mánaðarleg laun í samræmi við ákvörðun aðalfundar ár hvert, svo sem kveðið er á um í 79. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög. Jafnframt skulu bankaráðsmönnum greidd laun fyrir þátttöku í starfi undirnefnda bankaráðs. Við ákvörðun um fjárhæð launa skal taka mið af þeim tíma sem bankaráðsmenn verja til starfans, þeirri ábyrgð sem á þeim hvílir og afkomu bankans. Af launum skal greiða lífeyrисиðgjald í samræmi við reglur á almennum vinnumarkaði. Starfskjaranefnd gerir rökstudda tillögu til bankaráðs um laun bankaráðsmanna fyrir komandi starfsár. Bankaráð tekur afstöðu til tillögu starfskjaranefndar og gerir endanlega tillögu um launin sem lögð er fyrir aðalfund. Bankinn greiðir jafnframt ferðakostnað vegna starfa bankaráðsmanna sem hafa lögheimili utan höfuðborgarsvæðisins. Óheimilt er að gera starfslokasamninga við bankaráðsmenn.

5. gr. Starfskjör bankastjóra og stjórnenda

Starfskjör bankastjóra og stjórnenda bankans skulu vera samkeppnishæf en hófleg og ekki leiðandi, sbr. 2. gr. þessarar starfskjarastefnu.

Ekki skal gera samninga við bankastjóra og lykilstarfsmenn bankans sem fela í sér starfslokagreiðslur, umfram ákvæði ráðningarsamninga, kjarasamninga og skyldur samkvæmt lögum. Samningsbundinn uppsagnarfrestur bankastjóra og lykilstarfsmanna skal ekki vera lengri en tólf mánuðir, að teknu tilliti til ábyrgðar og verkefna.

6. gr. Starfskjarastefna dótturfélaga og fleira

Bankaráð bankans skal stuðla að því að starfskjarastefnur dótturfélaga hans séu samkeppnishæfar en hóflegar og ekki leiðandi.

Jafnframt skal bankaráð stuðla að því að viðmið um starfskjör, sbr. 2. gr. þessarar starfskjarastefnu, komi þar fram með skýrum hætti.

Bankastjóri skal leggja fyrir bankaráð tillögur dótturfélaga að starfskjarastefnum þeirra, sem og tillögur að stjórnarlaunum.

7. gr. Breytilegir kjarabættir

Bankinn skal ekki gera eða heimila samninga um kaupauka, þ.e. ekki heimila samninga um starfskjör sem að jafnaði eru skilgreind með tilliti til árangurs og eru ekki þáttur í föstum starfskjörum, þar sem endanleg fjárhæð eða umfang þeirra liggur ekki fyrir með nákvæmum hætti fyrir fram.

Ef bankaráð bankans hyggst taka upp kaupaukakerfi innan samstæðu bankans þarf áður að fá samþykki hluthafafundar.

Framangreint á þó ekki við um greiðslur, allt að 10% af föstum starfskjörum, til almenns starfsfólks fyrir sölu á lífeyris- eða váttryggingarvörum, samkvæmt reglum sem bankaráð, eða stjórn viðkomandi dótturfélags, setur í samræmi við lög.

8. gr. Stjórnendatrygging

Landsbankinn skal sjá til þess að á hverjum tíma sé í gildi stjórnendatrygging sem nær m.a. til bankaráðsmanna, bankastjóra og lykilstarfsmanna bankans, bæði núverandi og fyrrverandi, vegna starfa þeirra fyrir bankann í samræmi við ákvæði viðkomandi tryggingarskilmála.

9. gr. Upplýsingagjöf

Bankinn skal gera grein fyrir kjörum bankaráðsmanna og bankastjóra sem og heildarkjörum framkvæmdastjóra í framkvæmdastjórn og annarra lykilstarfsmanna í ársreikningi.

Starfskjarastefnu þessa skal birta á vefsíðu bankans.

Fundargerð

Landsbankinn hf.

Kennitala: 471008-0280

10. gr. Samþykkt starfskjarastefnu og fleira

Starfskjarastefna Landsbankans er sett á grundvelli 57. gr. a. í lögum um fjármálafyrirtæki.

Starfskjarastefnan er samþykkt af bankaráði og tekin til afgreiðslu á aðalfundi bankans í samræmi við 79. gr. a. í lögum nr. 2/1995, um hlutafélög, og borin undir fundinn til samþykktar, synjunar eða breytingar.

Heimilt er að endurskoða starfskjarastefnuna oft en árlega og skulu breytingar þá lagðar fyrir hluthafafund til samþykktar.

Starfskjarastefnan er leiðbeinandi fyrir bankann og bankaráð. Bankaráð skal færa til bókar frávik frá starfskjarastefnunni og skulu þau frávik studd greinargóðum rökum. Gera skal grein fyrir frávikum á næsta aðalfundi bankans.

Fundarstjóri gaf fundarmönnum kost á að taka til máls um tillöguna. Enginn óskaði eftir að taka til máls og var gengið til atkvæða.

Starfskjarastefnan var því næst borin undir fundinn og samþykkt mótatkvæðalaust.

6. Tillögur til breytinga á samþykktum, ef borist hafa

Samþykkt var tillaga um að samþykktum fyrir Landsbankann hf. yrði breytt þannig að bankaráð skuli skipað fimm aðalmönnum í stað sjö. Nánar tiltekið var samþykkt að 1. málslíður 1. mgr. 18. gr. samþykktanna orðaðist svo:

„Bankaráð skal skipað fimm mönnum og tveimur til vara.“

Fundarstjóri gaf hluthöfum kost á að tjá sig um tillöguna en enginn óskaði eftir að taka til máls.

Tillagan var borin undir fundinn og samþykkt.

7. Kosning bankaráðs

Fjármála- og efnahagsráðherra hafði fyrir fundinn gert neðangreinda tillögu um aðalmenn og varamenn í bankaráð Landsbankans hf. frá aðalfundi 2026 til aðalfundar 2027.

Aðalmenn:

Jón Þorvarður Sigurgeirsson
Eva Halldórsdóttir
Rebekka Jóelsdóttir
Steinunn Þorsteinsdóttir
Þór Hauksson
Örn Guðmundsson

Varamenn:

Kristján Þ. Davíðsson
Stefanía G. Halldórsdóttir.

Lagt var til að Jón Þorvarður Sigurgeirsson yrði kjörinn formaður bankaráðs.

Fundarstjóri lýsti sjálfkjörin í bankaráð sem aðalmenn þau Jón Þorvarður Sigurgeirsson, Evu Halldórsdóttur, Rebekku Jóelsdóttir, Þór Hauksson og Örn Guðmundsson.

Jón Þorvarður Sigurgeirsson taldist þar með sjálfkjörinn sem formaður bankaráðs.

Jafnframt voru varamenn í framboði, Kristján Þ. Davíðsson og Stefanía G. Halldórsdóttir, lýst sjálfkjörin þar sem fleiri framboð höfðu ekki borist.

Fundargerð

Landsbankinn hf.

Kennitala: 471008-0280

8. Tilnefning utanaðkomandi nefndarmanns í endurskoðunarnefnd

Fyrir fundinum lá eftirfarandi tillaga:

Lagt er til að Hjörleifur Pálsson verði kjörinn í endurskoðunarnefnd félagsins sem utanaðkomandi nefndarmaður.

Tillagan er lögð fram með vísan til 2. mgr. 108 gr. a. í lögum nr. 3/2006 um ársreikninga, eins og þeirri grein var breytt með lögum nr. 6/2024.

Enginn óskaði eftir að taka til máls undir þessum dagskrárlið.

Tillagan var borin upp og samþykkt.

9. Kosning endurskoðanda

Fyrir fundinum lá eftirfarandi tillaga um kosningu endurskoðanda:

Lagt er til að aðalfundur kjósi ríkisendurskoðanda sem endurskoðanda félagsins fyrir rekstrarárið 2026.

Í samræmi við heimildir ríkisendurskoðanda til að útvista verkefnum sínum hefur hann tilnefnt í framhaldi af útboði um verkefnið endurskoðunarfyrirtækið PricewaterhouseCoopers ehf. til að annast endurskoðun ársreikninga félagsins fyrir rekstrarárið 2025.

Enginn kvaddi sér hljóðs um tillöguna.

Tillagan var borin upp og samþykkt.

10. Ákvörðun um þóknun til bankaráðsmanna fyrir næsta kjörtímabil

Fyrir fundinum lá eftirfarandi tillaga um þóknun bankaráðsmanna fyrir næsta kjörtímabil:

Lagt er til að laun bankaráðsmanna verði kr. 558.000 á mánuði, laun formanns bankaráðs verði kr. 974.000 á mánuði og laun varaformanns verði kr. 691.000 á mánuði. Jafnframt fái bankaráðsmenn greitt 25% af mánaðarlegum launum fyrir hvern bankaráðsfund sem þeir sitja umfram 12 bankaráðsfundi. Því til viðbótar skuli greiða bankaráðsmönnum kr. 276.000 á mánuði fyrir hverja nefnd sem viðkomandi bankaráðsmaður er skipaður í en auk þess fái formenn undirnefnda bankaráðs greiddar kr. 90.000 á mánuði. Laun varamanns í bankaráði verði kr. 279.000 fyrir hvern setinn bankaráðsfund eða fund með fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands um hæfismat en þó aldrei hærri en laun aðalmanns innan hvers mánaðar. Greiðsla til hvers varamanns skal nema að lágmarki kr. 559.000 á ári. Þá verði þóknun utanaðkomandi nefndarmanns í endurskoðunarnefnd kr. 338.000 á mánuði. Þóknun bankaráðsmanna vegna starfa í undirnefndum tekur mið af fjölda undirnefnda sem bankaráðsmenn sitja í en þó er ekki greidd þóknun fyrir setu í fleiri en tveimur nefndum.

Fundarstjóri gerði grein fyrir þeim breytingum sem lagðar voru til á launum bankaráðsmanna. Lagt var til að laun bankaráðsmanna hækki úr kr. 539.000 í kr. 558.000 á mánuði, eða um 3,5% í samræmi við almenna launaþróun. Aðrar launatölur hækki samsvarandi hlutfallslega. Þó var lagt til að laun formanna undirnefnda, til viðbótar almennum nefndarlaunum, yrðu hækkuð úr kr. 60.000 í kr. 90.000 í ljósi vinnuframlags þeirra við undirbúning starfs þeirra nefnda. Jafnframt var lagt til að bankaráðsmenn fái greitt 25% af mánaðarlegum launum fyrir hvern bankaráðsfund sem þeir sitja umfram 12 bankaráðsfundi.

Enginn óskaði eftir að taka til máls og var tillagan því næst borin upp.

Tillagan var samþykkt samhljóða mótatkvæðalaust.

11. Heimild til kaupa á eigin hlutum

Fyrir fundinum lá eftirfarandi tillaga undir þessum dagskrárlið:

Lagt er til að hluthafafundur samþykki í samræmi við 55. gr. hlutafélagalaga nr. 2/1995 heimild þess efnis að Landsbankinn hf. eignist eigin hluti allt að 10% af nafnverði hlutafjár. Lægsta og hæsta

Fundargerð

Landsbankinn hf.

Kennitala: 471008-0280

fjárhæð sem Landsbankinn hf. má reiða fram sem endurgjald fyrir hvern hlut skal vera bókfært virði hvers hlutar, þ.e. samsvara hlutfalli á milli eigin fjár sem tilheyrir hluthöfum bankans og hlutafjár, samkvæmt síðasta birta ársuppgjöri eða árshlutauppgjöri áður en kaup á eigin hlutum fara fram. Heimild þessi gildir fram að aðalfundi Landsbankans hf. árið 2027. Ráðstöfun Landsbankans hf. á eigin hlutum sem keyptir verða á grundvelli þessarar heimildar er háð samþykki hluthafafundar.

Enginn óskaði eftir að taka til máls um tillöguna.

Tillagan var borin undir fundinn og samþykkt samhljóða mótatkvæðalaust.

12. Önnur mál

Gylfi Þorsteinn Gunnlaugsson, sérfræðingur í fjármála- og efnahagsráðuneytinu, kvaddi sér hljóðs undir liðnum önnur mál og þakkaði bankaráði fyrir hönd fjármála- og efnahagsráðherra kærlega fyrir samstarfið á síðasta starfsári. Þakkaði hann sérstaklega þeim Steinunni Þorsteinsdóttur og Kristjáni Þ. Davíðssyni, sem hverfa úr bankaráði sem aðalmenn, fyrir samstarfið.

Fundarstjóri gerði það að tillögu sinni að sér og fundarritara yrði falið að ganga frá fundargerð eftir fundinn og komu ekki fram athugasemdir við það fyrirkomulag.

Fundarstjóri sagði fundinum slitið kl. 16.52.

Jóhannes Karl Sveinsson
Fundarstjóri

Kristinn Briem
Fundarritari

Undirritunarsíða

F.h. Landsbankans hf.
Kristinn Briem

Fundarstjóri
Jóhannes Karl Sveinsson